

Fundargerð verkefnastjórnar Sónaráætlunar Suðurlands 2015

nr. 3

Austurvegi 56, 2. júní, kl. 12:00

Mætt voru: Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður verkefnastjórnar, Páll Marvin Jónsson, Runólfur Sigursveinsson og Bryndís Björk Hólmarsdóttir. Guðrún Hafsteinsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson framkvæmdarstjóri SASS og Þórður F. Sigurðsson ráðgjafi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Uppbyggingarsjóður:

1. Vor úthlutun 2015

Verkefnastjóri upplýsti um stöðu mála. Lengri tíma tók að skipa í úthlutunarnefndirnar sökum skilyrða um hæfisreglur sem hafa nú verið túlkaðar þrengra en áður var gert. Gert er ráð fyrir að tillögur úthlutunarnefnda muni liggja fyrir næsta fund verkefnastjórnar.

2. Staða eldri styrkveitinga

Til upplýsingar staða eldri styrkveitinga.

Stefnumörkun og áhersluverkefni:

3. Skipan samráðsvettvangs

Meðfylgjandi listi 40 aðila sem tilnefndir hafa verið af sveitarfélögunum og valdir til þátttöku í samráðsvettvangnum. Gætt hefur verið að lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða við val fulltrúanna. Listinn samþykktur.

4. Boðun til fundar samráðsvettvangs

Samþykkt að halda fundinn á Hotel Selfossi þann 16. júní n.k. og að fundurinn standi yfir milli kl. 13:00 og 17:00. Verkefnastjóra falið að boða samráðsvettvanginn.

5. Samandregar niðurstöður stefnumótunarvinnu

Til kynningar samantekt á þeirri stefnumörkun sem hefur verið sett fram við vinnu Sónaráætlunar Suðurlands til þessa, úr vinnuhópum Sónaráætlunar 2013, frá ársþingi SASS 2014 og niðurstöður og samantekir úr þeim skýrslum og greiningum sem hafa verið unnar á vegum Sónaráætlunar á Suðurlandi til dagsins í dag.

6. Samningur við ráðgjafa

Til kynningar tilboð frá ráðgjöfum um að undirbúa og stýra vinnu samráðsvettvangsins. Fundi samráðsvettvangsins er ætlað að skila af sér heildar stefnumörkun Sóknaaráætlunar til ársins 2019 ásamt áherslum fyrir nánari vinnu starfshópa við mótun áhersluverkefna til ársins 2019. Framkvæmdarstjóra og verkefnastjóra falið að ganga frá samningum við KPMG fyrir allt að 35 vinnustunda vinnu ráðgjafa við undirbúning og stjórn fundarins.

Almennt:

7. Starfsáætlun verkefnastjórnar

Næstu fundir á vegum verkefnastjórnar Sóknaaráætlunar:

- Fundur úthlutunarnefndar menningarstyrkja, í vikunni 8. -12. júní*
- Fundur úthlutunarnefndar atvinnuþróunar og nýsköpunarstyrkja, v. 8. -12. júní*
- Fundur verkefnastjórnar 16. júní n.k. kl. 10:30*
- Fundur samráðsvettvangs 16. júní n.k. kl. 13:00*

8. Fjárhagsáætlun Sóknaaráætlunar 2015 – 2019 - fyrir árið 2015

Til kynningar drög að fjárhagsáætlun.

9. Upplýsingagjöf og samskipti við hið opinbera

Til kynningar:

- a) Upplýsingar um greiðslur v/ 2014 samnings.*
- b) Ósk stýrinetsins um upplýsingar um skipan úthlutunarnefnda og samsetningu samráðsvettvangs.*

10. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13:40.